

Forslag	A 1941/UHN
Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

A 1941/UHN Þingmannatillaga um að breiða út og styðja við heimaræktun á Norðurlöndum

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að breiða út og styðja við heimaræktun á Norðurlöndum með því að taka saman leiðbeiningar um heimaræktun sem tekur mið af loftslagsbeltum á Norðurlöndum

að hefjast handa við að velja tegundir í samvinnu við Norrænu erfðaauðlindastofnunina, NordGen, með það fyrir augum að styðja við heimaræktun í ólíkum loftslagsbeltum

Bakgrunnur

Baráttan gegn matarsóun er mikilvægur liður í þeirri baráttu að draga úr koldíoxíðslosun og auðlindasóun. Allt of miklum matvælum er hent jafnvel þótt þau séu ekki of gömul. Ástæðan er sú að margt fólk er svo fjarlægt matvælaframleiðslunni að það er ekki lengur í stakk búið til að meta hvort öruggt sé að neyta tiltekinna matvæla. Hluti af matarsóuninni á sér stað á framleiðslu- og flutningsstigi þegar framleiðandi tekur úr sölu vörur sem ekki standast væntingar neytanda og þegar vörur skemmast við flutning. Norðurlandaráð hefur þegar ráðist í aðgerðir til að breyta merkingu þannig að margar gerðir matvæla eru nú merktar sem „best fyrir en ekki ónýtt eftir“ til að hjálpa neytendum að nota vörur eins lengi og þær endast.

Með þessari tillögu viljum við stuðla að því að almenningur rækti eigin matvæli og komist þannig í nánari tengsl við matvælaframleiðsluna og sé betur í stakk búinn til að meta gæði matvæla. Margt fólk myndi öðlast náttúrulegri skilning á því hvernig ávextir og grænmeti lítur út og vilja til að nýta grænmeti og ávexti sem í dag eru flokkaðir frá í framleiðsluferlinu. Jafnframt myndi þetta draga úr þörfinni á því að flytja ávexti og grænmeti.

Innflutningur á grænmeti er kostnaðarsamur í mörgum hinum norrænu loftslagsbeltum og hefur í för með sér talsverða koldíoxíðslosun og mikla sóun. Hluta úr ári er þó hægt að rækta grænmeti og ávexti, ef til vill í gróðurhúsum eða -bröggum, þökk sé hinu langa og bjarta sumri. Sumar jurtir þrífast betur en aðrar í köldu loftslagi.



Gott væri fyrir Norðurlandaráð að nýta þau miklu úrræði sem Norræna auðlindastofnunin býr yfir til að velja, rækta upp og gera tegundir aðgengilegar fyrir áhugasama með hliðsjón af því loftslagsbelti sem þeir búa í. Við sjáum einnig fyrir okkur að Norræna auðlindastofnunin gæti borið ábyrgð á því að taka saman ræktunarleiðbeiningarnar.

Þetta gerði jafnframt Norrænu auðlindastofnuninni kleift að skapa nýja tekjulind með því að auka notkun vefverslunar sinnar.

Stokkhólmi, 23. janúar 2023

Annette Lind (S)
Camilla Gunell (ÅSD)
Doris J. Jensen (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Lindh (S)
Gunilla Carlsson (S)
Heidi Viljanen (sd)
Heléne Björklund (S)
Henrik Møller (S)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)

Kim Berg (sd)
Lars Mejern Larsson (S)
Maria Durhuus (S)
Mats Wiking (S)
Mirja Räihä (sd)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Per-Arne Håkansson (S)
Ragnhild Male Hartviksen (A)
Sara Emil Baaring (S)
Stein Erik Lauvås (A)
Tove Elise Madland (A)
Truls Vasvik (A)